

Reykjavík, 28. júní 2024

EVROPUMEISTARAMÓT FULLORÐINN Í SKYLMINGUM



YFIR 500 KEPPENDUR FRÁ 40 LÖNDUM

Dagana 18-23 júní var haldið Evrópumeistaramótið í skylmingum í Basel í Sviss. Mótið var geysi sterkt og ekki síst viðamikilið en þátttakendur voru fleiri en 500 frá 40 löndum.

Það er mikill heiður fyrir Ísland og íslenskt skylmingarfólk að fá að taka þátt í þessu sterka og umfangsmikla heimsmeistaramóti.

Andri Nikolaysson hafnaði í 35 sæti af 75 keppendum og er þetta besti árangur karla í íslenskum skylmingum á EM. Glæsilegur árangur hjá karlalandsliðinu – 11 sæti.

Undanfarin ár höfum við lagt mikið upp úr því að búa til samkeppnishæft skylmingalið til að taka þátt í Evrópu- og Heimsmeistaramótum. Vert er að benda á að þátttökuréttur á undankeppni Ólympíuleikanna (Olympic qualification system) miðast við eftirfarandi skiptingu: 75% þátttakenda af liðsröðun og 25% af einstaklingsröðun.

---)----- TEAM ICELAND -----(---



Andri Nikolaysson Mateev



Emil Ísleifur Sumarliðason



Gunnar Egill Ágústsson



Glæsilegur árangur hjá karlalandsliðinu – 11 sæti á EM
Emil Ísleifur Sumarliðason, Andri Nikolaysson Mateev og Gunnar Egill Ágústsson



Nikolay Mateev formaður Skyldingasambands Íslands var mótsstjóri á Evrópumeistaramótinu. Nikolay er í stjórn evrópska skyldingasambandsins og formaður mótanefndar.